

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um styrki til útgáfumála og eftirlit með notkun fjár.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hvaða verkefnum frá árunum 2000–2010 á fjárlagalið 02-983-1.11, styrkir til útgáfumála, hefur verið lokið með útgáfu?
2. Hver er staða annarra verkefna, hvenær verður þeim lokið?
3. Hvaða reglur gilda um eftirlit með notkun fjár af fjárlagalið 02-983-1.11?
4. Hvernig hefur eftirliti með notkun fjárins verið háttað af hálfu ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar?
5. Hafa fjárveitingar til verkefna verið stöðvaðar vegna þess að skilyrði fyrir veitingu fjár voru ekki uppfyllt? Ef svo er óskast gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum.
6. Var óskiptum fjárveitingum í einhverjum tilfellum ráðstafað? Ef svo er, til hvaða verkefna?

Skriflegt svar óskast.